

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F150/2024

Reykjavík, 23. apríl 2024

Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
Ríkislöggreglustjóri  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

## I

Athygli umboðsmanns Alþingis var nýlega vakin á því að lögregluembætti hefðu í notkun lögreglumerki sem ekki væru í samræmi við reglugerð nr. 1151/2011, um einkenni og merki lögreglunnar. Einkum væri um að ræða stjörnu sem birtist meðal annars á vefsíðu lögreglunnar, [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is), á samfélagsmiðlum lögregluembætta, í skýrslum embættis yðar og á merktum lögreglubifreiðum um land allt. Þá hefur athygli umboðsmanns einnig verið vakin á því að lögreglumenn í sérsveit embættis yðar sinni skyldustörfum í einkennisfatnaði sem auðkenndur sé með lögreglumerkjum sem ekki eigi sér stoð í reglum þar um.

Í reglugerð nr. 1151/2011, sem sett var með stoð í þágildandi 40. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. nú 43. gr. sömu laga, er fjallað um einkenni og merki lögreglunnar. Í 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að með lögreglumerki sé átt við sjö ólík merki en meðal þeirra er íslenska lögreglumerkið, sbr. 1. tölulið, og borði sem á er lettrað „LÖGREGLAN“ eða „POLICE“, sbr. 2. tölulið. Samkvæmt 4. gr. eru umræddir borðar pannig úr garði gerðir að áletrun er gul á svörtum fleti. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar er íslenska lögreglumerkið gyllt stjarna með sex jöfnum örmum. Í greininni er lögreglumerkinu nánar lýst en þar kemur m.a. fram að umhverfis skjöld, í miðri stjörnunni, skuli vera áletrunin „MED LÖGUM SKAL LAND BYGGJA“. Sú áletrun skal afmörkuð með tveimur upphleyptum hringjum og frá ytri hringnum liggi 54 teinar með jöfnu millibili út að jaðri stjörnunnar. Auk þessarar lýsingar er í reglugerðinni að finna litmynd af stjörnunni og upplýsingar um að nota skuli svartan og tilgreinda gerð guls litar.

Í reglugerð nr. 690/2021, sem sett er með stoð í sama ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996, er einnig að finna ítarleg ákvæði um notkun íslenska lögreglumerkisins og annarra einkenna lögreglu svo og einkennisfatnað lögreglu. Í 2. gr. hennar kemur fram að með lögreglumerki í reglugerðinni sé átt við íslenska lögreglumerkið og önnur einkenni lögreglunnar og vísað til reglugerðar nr. 1151/2011. Þar kemur og fram að með einkennisfatnaði lögreglu sé átt við þann fatnað sem ríkislöggreglustjóri hafi samþykkt til notkunar hjá lögreglu. Í 5.

gr. reglugerðarinnar er fjallað um almennan lögreglufatnað. Í 1. mgr. kemur meðal annars fram að lögreglumerki séu á báðum ermum og á baki og hægra megin á brjósti sé merkið „Lögreglan“ en vinstra megin á brjósti merkið „Police“. Þar segir einnig að lögreglustjóra sé í sérstökum tilvikum heimilt að merkja einnig með merkinu „Police“ á baki. Í 2. mgr. segir að notkun annarra merkja eða tákna á einkennisfatnað eða búnað lögreglu sé óheimil nema heimiluð sé sérstaklega samkvæmt reglugerðinni eða reglum settum af ríkislögreglustjóra.

Í báðum reglugerðunum er kveðið á um að öllum öðrum en lögreglu sé óheimilt að nota einkenni, merki og/eða einkennisfatnað lögreglu opinberlega eða í ólögmætum tilgangi, eða einkenni/merki eða fatnað sem er svo áþekkur þeim er lögregla notar, að hætta sé á að á verði villst. Jafnframt er bent á að brot á ákvæðum reglugerðanna geti varðað refsingu samkvæmt 117. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1151/2011 og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 690/2021.

## II

Sú lögreglustjarna sem nú virðist hafa verið tekin í notkun hjá lögreglunni virðist hvorki vera sú sem lýst er í 3. gr. reglugerðar nr. 1151/2011 né vera meðal þeirra sjö merkja sem teljast lögreglumerki samkvæmt 2. gr. hennar. Í því efni nægir að benda á að hún er ekki með ofangreindri áletrun, hún er ekki í sömu litum og hefur ekki að geyma 54 teina.

Á ljósmyndum af lögreglumönnum í sérsvæit embættis yðar, sem birst hafa í fjöldum, sést að þeir eru merktir með grárri lögreglustjörnu á ermum einkennisfatnaðar. Þá verður einnig séð að í sama lit hafi verið notaðir borðar með áletruninni „LÖGREGLAN“ og „POLICE“ en í 4. gr. reglugerðar nr. 1151/2011 kemur fram að áletrun skuli vera í gulum lit tiltekinnar gerðar á svörtum fleti. Að síðustu eru þess dæmi að á einkennisfatnaði lögregluþjóna í umræddri sérsvæit sé annað merki, sem ekki er að finna í ofangreindum reglugerðum, en því má lýsa sem ávölu merki með útlínur Íslands í miðjunni en út frá hvorri hlið liggja nokkurs konar vængir.

Ljóst er af fyrrgreindum ákvæðum reglugerða nr. 1151/2011 og 690/2021 að ítarlegar reglur gilda um einkenni og merki lögreglunnar svo og notkun þeirra. Þá getur legið refsing við notkun merkja og einkenna lögreglu eða svipaðra merkja við ákveðnar aðstæður. Búa að baki þessu sjónarmið um að almenningur geti áttað sig á því hverjur fara með lögregluvald hverju sinni, sbr. til hliðsjónar bréf umboðsmanns Alþingis 15. ágúst 2023 í máli nr. F139/2023.

## III

Með hliðsjón af öllu framangreindu, svo og því samræmingarhlutverki sem embætti yðar hefur að gegna vegna starfsemi lögreglunnar, sbr. m.a. d- og g-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, er þess óskað með

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að veittar verði upplýsingar og skýringar á neðangreindum atriðum.

1. Óskað er upplýsinga um hvenær gerðar voru breytingar á þeim löggreglumerkjum sem áður er vísað svo og ástæður og aðdraganda þeirra.
2. Þess er óskað að upplýst verði að hvaða marki og við hvaða aðstæður embættið sjálft hafi notað hið umrædda löggreglumerki í stað þess sem er lýst í 3. gr. reglugerðar nr. 1151/2011.
3. Í ljósi samræmingar- og eftirlitshlutverks ríkislöggreglustjóra er þess jafnframt óskað að sömu upplýsingar verði veittar um notkun löggregluembættanna á breyttum löggreglumerkjum. Er þá t.a.m. haft í huga hvort fyrirmælum, leiðbeiningum eða öðru slíku, um notkun löggreglumerkja, hafi verið beint til þeirra af hálfu ríkislöggreglustjóra.
4. Þess er óskað að ríkislöggreglustjóri lýsi afstöðu sinni til þess hvort hann telji notkun umræddra löggreglumerkja samræmast ákvæðum reglugerða nr. 1151/2011 og 690/2021. Er þá bæði átt við tilvitnaða stjörnu og einkenni á einkennisfatnaði löggreglumanna í sérsveit embættisins. Telji ríkislöggreglustjóri notkun merkjanna samræmast reglum er óskað eftir rökstuðningi fyrir þeirri afstöðu.
5. Ef settar hafa verið reglur í tengslum við einkennisfatnað og einkenni löggreglunnar til fyllingar fyrrgreindum reglugerðum, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 690/2021, er þess óskað að umboðsmanni verði sent afrit af þeim. Jafnframt verði afhent afrit af öðrum þeim gögnum sem varpað geta ljósi á málið.
6. Að endingu er þess óskað að embættið upplýsi um hvort það telji efni fyrirspurnarinnar gefa tilefni til viðbragða af hálfu þess og þá hverra.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 16. maí nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og  
OPCAT